



ÍSLANDSSJÓÐIR



# Árshlutareikningur

30. júní 2011

Íslandssjóðir hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Kt. 690694-2719



## A-hluti

### Árshlutareikningur Íslandssjóða hf.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	5
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda .....	9
Rekstrarreikningur .....	10
Efnahagsreikningur .....	11
Yfirlit um sjóðstreymi .....	12
Skýringar .....	13

## B-hluti

### Árshlutareikningur verðbréfasjóða

Rekstrarreikningur .....	18
Efnahagsreikningur .....	19
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	20
Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða .....	21
Skýringar .....	28

### Árshlutareikningur fjárfestingarsjóða

Rekstrarreikningur .....	42
Efnahagsreikningur .....	43
Yfirlit um breytingar á hreinni eign .....	44
Sérgreind sundurliðun fjárfestingarsjóða .....	45
Skýringar .....	50



## Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Íslandssjóðir hf. er sérhæft félag á sviði eignastýringar og annast rekstur og stýringu verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingarsjóða. Íslandssjóðir starfa á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði nr. 30/2003. Íslandssjóðir hf. er dótturfélag að fullu í eigu Íslandsbanka hf. og Miðengis ehf., dótturfélags bankans, sem á 0,3% í Íslandssjóðum, og er hluti af samstæðu Íslandsbanka.

Árshlutareikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur árshlutareikning rekstrarfélagsins og B-hluta sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Þessi framsetning er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Í lok júní 2011 voru 16 sjóðir í rekstri og slitum hjá félaginu og nam hrein eign þeirra 113.228 milljónum króna. Þar af eru 12 verðbréfasjóðir með hreina eign að upphæð 109.724 milljónir króna og 4 fjárfestingarsjóðir með hreina eign að upphæð 3.504 milljónir króna. Einn sjóður sem skráður er í Lúxemborg er í stýringu félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi er 98 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins fyrstu sex mánuði ársins 2011. Samkvæmt efnahagsreikningi í lok júní nemur eigið fé félagsins 1.593 milljónum króna. Eiginfjárhlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, er 154,9% en lögbundið lágmark er 8%. Eignir félagsins eru aðallega bankainnstæður, eignir í hlutdeildarskírteinum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða og stök verðbréf með ríkisábyrgð.

Á fyrri hluta árs 2011 var greiddur út arður til hluthafa, 25% af hagnaði ársins 2010, eða 65 milljónir króna.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars 2011 og var stjórn fyrra árs endurkjörin. Þrír af fjórum stjórnarmönnum eru óháðir og er það í takt við stefnu Íslandssjóða um skipun stjórnar.

Mikil áhersla hefur verið lögð á viðskipta- og vöruþróun og mun því starfi verða haldið áfram á árinu 2011. Nýjum sjóðum félagsins hefur verið mjög vel tekið, en vel yfir 10 þúsund fjárfestar eiga hlutdeildarskírteini í sjóðum Íslandssjóða.

Í lok júní störfuðu 13 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur á tímabilinu 83 milljónum króna.

## Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir

Í lok júní 2011 voru fimm skuldabréfasjóðir í stýringu félagsins:

Nafn sjóðs	Tegund sjóðs
Veltusafn	Verðbréfasjóður
Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán	Verðbréfasjóður
Ríkisskuldabréf – Sjóður 5	Verðbréfasjóður
Löng ríkisskuldabréf – Sjóður 7	Verðbréfasjóður
Fókus – Vextir	Fjárfestingarsjóður

Á fyrri hluta árs 2011 lækkaði krafan á verðtryggðum ríkisskuldabréfum umtalsvert vegna vaxandi verðbólgu. Leiddi þetta til hækkandi verðs á verðtryggðum ríkisskuldabréfum. Krafa á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum hækkaði á sama tíma. Verðtryggðir skuldabréfasjóðir njóta enn vinsælda enda eru þeir leið fyrir fjárfesta til að fá verðtryggingu á eign sína án þess að binda þurfi fjárhæðina í langan tíma.

Félagið stýrir einnig þrem hlutabréfasjóðum:

Nafn sjóðs	Tegund sjóðs
Úrvalsvísitala – Sjóður 6	Verðbréfasjóður
Úrval innlendra hlutabréfa – Sjóður 10	Fjárfestingarsjóður
Heimssafn – Sjóður 12	Verðbréfasjóður

Innlendur hlutabréfamarkaður hækkaði mikið í upphafi árs m.a. vegna áhuga fjárfesta á nýju hlutafé í Icelandair Group. Úrvalsvísitalan hækkaði um 7,9% í janúar en þokaðist síðan niður á við í byrjun maí í takt við lækkanir á helstu hlutabréfamörkuðum heims. Úrvalsvísitalan hækkaði um 1,88% frá áramótum til júníloka.

Erlendar hlutabréfavísitölur hækkuðu einnig vel í upphafi árs vegna góðra uppgjöra fyrirtækja vestanhafs og einnig hagtalna sem voru yfir væntingum. Í byrjun maí kom síðan leiðrétting á hlutabréfaverði vegna lakari væntinga um hagvaxtarhorfur á heimsvísu. Hrávörur lækkuðu þá nokkuð í kjölfarið eftir að hafa hækkað umtalsvert fyrr á árinu. Ávöxtun á hlutabréfamörkuðum var þó ágæt frá áramótum til júníloka og hækkaði Heimsvísitala Morgan Stanley um tæp 4% (USD). Bandaríska vísitalan S&P500 hækkaði um 5% frá áramótum.

Auk framangreindra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða þá stýrir félagið Eignasafninu, blönduðum verðbréfasjóði sem fjárfestir í innlendum og erlendum verðbréfasjóðum, hlutabréfum og skuldabréfum. Sjóðurinn skilaði góðri ávöxtun á fyrri hluta ársins í samanburði við aðra sjóði félagsins. Gjaldeyrishöft banna fjárfestingar í erlendum fjármálagerningum og þar af leiðandi hafa fjárfestingar Eignasafnsins verið að mestu leyti í íslenskum ríkisskuldabréfum en sjóðurinn hefur einnig fjárfest í innlendum hlutabréfum. Markmið Eignasafnsins er að eiga um fjórðung í erlendum eignum og mun sjóðurinn leita að fjárfestingartækifærum erlendis þegar gjaldeyrishöft verða afnumin.

Þá var nýr blandaður verðbréfasjóður stofnaður í apríl á þessu ári, Eignasafn – Ríki og sjóðir. Sjóðurinn fjárfestir í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta í skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs, ábyrgð sveitarfélaga, öðrum skuldabréfum, innlánnum fjármála fyrirtækja og öðrum fjármálagerningum tengdum verðbréfum. Sjóðnum er jafnframt heimilt að fjárfesta beint í innlendum og erlendum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og innlánnum fjármála fyrirtækja.

### Sjóðir í slitiferli

Helsta markmiðið við stýringu og umsýslu sjóða í slitiferli er að hámarka endurheimtur og tryggja sem hraðastar útgreiðslur til hlutdeildarskírteinishafa. Eignir sjóða í slitiferli eru verðmetnar reglulega af greiningarsérfræðingi Íslandssjóða ásamt sjóðstjóra hvers sjóðs fyrir sig. Matið er borið undir áhættunefnd Íslandssjóða, en því er ætlað að endurspegla sem best áætlað verðmæti sjóðanna á hverjum tíma fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Auk þess koma utanaðkomandi aðilar að því að gera óháð verðmat á eignum. Matið er unnið undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda Íslandssjóða.

Í lok júní 2011 voru fjórir sjóðir í slitiferli hjá Íslandssjóðum, þ.e. fyrirtækjaskuldabréfasjóðirnir Sjóður 1 og Sjóður 11 ásamt erlendu peningamarkaðssjóðunum í EUR og USD.

Frá upphafi slitameðferðar sjóða hafa verið greiddar út alls 26.034 milljónir króna til hlutdeildarskírteinishafa, þar af 310 milljónir króna árið 2008, 12.091 milljón króna árið 2009, 10.982 milljónir króna árið 2010 og 2.651 milljón króna árið 2011.

## Safnastýring Íslandssjóða

Eignasöfnum, öðrum en verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum, er stýrt af safnastýringarteymi Íslandssjóða. Fjárfest er samkvæmt fjárfestingarstefnum sem hafa verið mótaðar í samvinnu við hvern viðskiptavin. Nokkrir safnastjórar mynda safnastýringarteymi sem vinnur að greiningu á markaði og mati á fjárfestingarkostum. Teymið tekur ákvarðanir um breytingar á eignasöfnum í samræmi við vikmörk sem tilgreind eru í fjárfestingarstefnu hvers eignasafns. Almennt er lögð áhersla á að við breytingar á eignasöfnum sé horft til lengri tíma en litið framhjá dægursveiflum á mörkuðum. Safnastjórar funda minnst vikulega þar sem farið er yfir stöðu markaða og safna. Markmið safnastýringarteymis eru meðal annars að vernda og auka höfuðstól viðskiptavina, að ná að lágmarki sömu vísitölu og viðmiðunargrunnur viðkomandi viðskiptavinar miðast við og að þróa og viðhalda góðum tengslum við viðskiptavini.

## Stjórnarhættir

Vandaðir stjórnarhættir, gagnsæi í vinnubrögðum og traust viðskiptavina er kappsmál stjórnar og starfsmanna Íslandssjóða. Starfsemin lýtur stefnu, reglum og ferlum sem ætlað er að tryggja sem best hagsmunir viðskiptavina.

Stefna Íslandssjóða er að meirihluti stjórnarmanna séu óháðir. Í takt við þá stefnu eru þrjár af fjórum stjórnarmönnum óháðir, bæði félaginu sjálfu og starfsmönnum þess og aðalhluthafa félagsins. Þetta fyrirkomulag er til þess fallið að hagsmunir viðskiptavina séu ætíð í fyrirrúmi.

Stjórn Íslandssjóða starfar eftir starfsreglum sem settar eru á grundvelli laga um hlutafélög og laga um fjármálafyrirtæki. Starfsreglurnar kveða m.a. á um hæfi stjórnarmanna, upplýsingagjöf og verkaskiptingu. Einnig er kveðið á um að stjórn Íslandssjóða skuli, eigi sjaldnar en árlega, meta störf sín, verklag og starfshætti. Á vegum stjórnar er starfrækt endurskoðunarnefnd. Meðal verkefna nefndarinnar er mat á innra eftirlitskerfi félagsins og áhættustýringu, mat á því hvort öllum lögum og reglugerðum sé fylgt og mat á endurskoðunarskýrslum og öðrum störfum löggilts endurskoðenda félagsins.

Áhættustýring Íslandssjóða er margþætt og er fylgst með áhættu í rekstri félagsins sjálfs og þeirra verðbréfa- og fjárfestingarsjóða sem eru í stýringu þess. Reglulega er fylgst með eignum sjóðanna og að þeir séu innan heimilda fjárfestingarstefnu og laga. Útreikningur á áhættu- og árangursmælikvörðum er veigamikill þáttur í áhættustýringu og eftirliti. Áhættustýring Íslandssjóða sér um skýrslugerð og reglulega upplýsingagjöf til stjórnenda og annarra aðila í þeim málum er áhættustýringu og eftirlit varða.

Á fyrstu sex mánuðum ársins voru haldnir tíu stjórnarfundir, þar af einn á rafrænu formi og fjórir fundir í endurskoðunarnefnd. Innri endurskoðun kynnti stjórn störf sín á árinu.

Í verklagsreglum Íslandssjóða er sérstakur kafli um siðareglur. Efnisatriði þeirra reglna varða m.a. skyldur við viðskiptavini, fagleg vinnubrögð og hagsmunarékstra. Stjórn félagsins hefur einnig samþykkt sérstakar reglur um hagsmunarékstra.

Íslandssjóðir leggja metnað sinn í að vera í fararbroddi í upplýsingagjöf. Á vefsíðu félagsins [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is) má meðal annars finna verklagsreglur, reglur um áhættustýringu og aðferðafræði við stýringu sjóða, ítarlegar upplýsingar um Íslandssjóði og upplýsingablöð um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði félagsins, ávöxtunartölur, útboðslýsingar og ársskýrslur Íslandssjóða. Íslandssjóðir eru einnig í samstarfi við Kelduna og Creditinfo sem birta upplýsingar um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði og samanburð þeirra.

Eins og greint er frá í skýrslu stjórnar í ársreikningi fyrir árið 2010 höfðu 10 aðilar mál á hendur Íslandssjóðum hf. þann 24. júní 2010 og kröfðust viðurkenningar á skaðabótaskyldu félagsins vegna atriða sem snertu rekstur á Sjóði 9 árin fyrir bankahrun. Málinu var vísað frá héraðsdómi þann 2. maí 2011, meðal annars á þeim grundvelli að ekki hefðu verið leiddar líkur að því að þeir hefðu orðið fyrir fjárhagstjóni. Málinu lauk með dómi Hæstaréttar nr. 326/2011 sem kveðinn var upp þann 14. júní 2011, en í þeim dómi var niðurstaða héraðsdóms um frávísun staðfest.


### Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er árshlutareikningur félagsins saminn í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða og ákvæði ársreikningslaga nr. 3/2006 og gefur hann að mati stjórnar glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu félagsins á fyrstu sex mánuðum ársins 2011.

Reykjavík, 29. ágúst 2011

### Í stjórn:

  
Steinunn Bjarnadóttir

  
Ársæll Valfells

  
Bollí Héðinsson

  
Erna Eiríksdóttir

### Framkvæmdastjóri:

  
Agla Elísabet Hendriksdóttir



# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa Íslandssjóða hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning Íslandssjóða hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2011. Árslutareikningurinn er í tveimur hlutum, A-hluta og B-hluta. A-hlutinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir rekstrafélagið. B-hlutinn inniheldur rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingar á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar fyrir verðbréfasjóði og fyrir fjárfestingarsjóði. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins, ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun


Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2011 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í ályktun okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 6 í árschlutauppgjöri verðbréfasjóða og skýringu nr. 6 í árschlutauppgjöri fjárfestingarsjóða. Þar kemur fram að nokkur óvissa ríkir um heimild til skuldajöfnunar kröfu sjóða í slitameðferð á móti skuld við Glitni banka hf. vegna afleiðusamninga í kjölfar yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á rekstri bankans í október 2008, og möguleg áhrif sem niðurstaða frábrugðin mati viðkomandi sjóða geti haft á virði þessara eigna.

Kópavogur, 29. ágúst 2011

Deloitte hf.

  
Páll Grétar Steingrímsson  
endurskoðandi

  
Bragi Guðjónsson  
endurskoðandi

## Rekstrarreikningur janúar - júní 2011

	Skýr.	2011 1.1.-30.6.	2010 1.1.-30.6.
<b>Rekstrartekjur</b>			
Umsýsluþóknun .....	2	503	423
Fjármunatekjur .....		55	64
Gengismunur .....	2	11	17
<b>Rekstrartekjur samtals</b>		<b>569</b>	<b>504</b>
Niðurfærsla vegna verðbréfaeignar .....	2	(27)	(24)
<b>Hreinar rekstrartekjur samtals</b>		<b>541</b>	<b>479</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	3	83	77
Þjónustugjöld til Íslandsbanka hf. ....	4	245	164
Annar rekstrarkostnaður .....	4	91	87
<b>Rekstrargjöld samtals</b>		<b>419</b>	<b>328</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>		<b>123</b>	<b>151</b>
Tekjuskattur .....		(24)	(27)
<b>Hagnaður tímabilsins</b>		<b>98</b>	<b>124</b>

## Efnahagsreikningur 30. júní 2011

Eignir	Skýr.	30.6.2011	31.12.2010
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	2,6	895	625
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	2,7	533	396
Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	2,8	101	201
<b>Fjárfestingar samtals</b>		<b>1.530</b>	<b>1.222</b>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á tengd félög .....	9	79	155
Aðrar kröfur .....		1	3
<b>Kröfur samtals</b>		<b>81</b>	<b>158</b>
<b>Aðrar eignir</b>			
Handhafabréfs- og handveðsreikningar .....	5,9	945	1.023
Bankainnstæður .....	9	384	583
<b>Aðrar eignir samtals</b>		<b>1.328</b>	<b>1.606</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>2.939</b>	<b>2.986</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		25	25
Lögbundinn varasjóður .....		6	6
Óráðstafað eigið fé .....		1.561	1.528
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>11</b>	<b>1.593</b>	<b>1.559</b>
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við tengd félög .....	9	239	276
Reiknaðir skattar .....	2	24	58
Handhafabréfs- og handveðsreikningar .....	5	945	1.023
Aðrar skuldir .....	10	138	70
<b>Skuldir samtals</b>		<b>1.346</b>	<b>1.427</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>2.939</b>	<b>2.986</b>

## Yfirlit um sjóðstreymi janúar - júní 2011

	Skýr.	2011 1.1.-30.6.	2010 1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins .....	11	98	124
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Gengishækkun verðbréfa .....		(38)	(41)
Niðurfærsla verðbréfaeignar .....	2	27	24
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<b>87</b>	<b>107</b>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....		(5)	(178)
<b>Handbært fé frá/(til) rekstrar</b>		<b>82</b>	<b>(71)</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Keypt verðbréf umfram seld .....		(295)	(72)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....	11	(64)	0
<b>Lækkun handbærs fjár</b>		<b>(278)</b>	<b>(143)</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....		1.606	2.610
<b>Handbært fé í lok tímabils</b>		<b>1.328</b>	<b>2.467</b>

## 1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Íslandssjóða hf., A-hluti, er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Umsýsluþóknunir

Félagið fær umsýsluþóknun fyrir rekstur verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða. Einnig fékk félagið umsýsluþóknun fyrri hluta ársins fyrir IS SICAV1-Mondo í Luxembourg. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Félagið fær hlutfallslega þóknun vegna sjóða og eignasafna í stýringu auk árangurstengdrar þóknunar fari árangur þessara sjóða eða eignasafna umfram skilgreind viðmið.

### Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikning þegar krafa um hann myndast.

### Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í árshlutareikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt árshlutareikningi.

Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar tímabilsins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Verðbréf

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því kaupgengi sem gildir í lok tímabils. Novator Credit Opportunities Fund er í slitameðferð og nokkur óvissa ríkir um verðmæti hlutdeildarskírteina sjóðsins. Því er tekin 40% varúðarniðurfærsla af verðmæti sjóðsins. Stök verðbréf eru metin á markaðsvirði í lok tímabils.

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	30.6.2011	30.6.2010
Laun .....	67	61
Önnur launatengd gjöld .....	16	16
	<b>83</b>	<b>77</b>
Starfsmannafjöldi á tímabilinu .....	13	15

## 4. Þjónustugjöld og innri kostnaður

Íslandssjóðir hafa gert þjónustusamning við Íslandsbanka þar sem bankinn tekur að sér sölu og ráðgjöf hlutdeildarskírteina, markaðssetningu, regluvörslu og innri endurskoðun auk þess að sjá um bókhald, dagleg gengisuppgjör og veita lögfræðiþjónustu. Íslandsbanki tekur jafnframt að sér vörslu eigna sjóða í rekstri hjá Íslandssjóðum.

Íslandssjóðir hafa einnig gert samstarfssamning við Auði Capital um sölu hlutdeildarskírteina og Kelduna um upplýsingagjöf á sjóðabrettinu [www.keldan.is](http://www.keldan.is).

Á meðal annars rekstrarkostnaðar er innri kostnaður vegna húsaleigu og rekstrarkostnaðar húsnæðis. Samtals hafa Íslandssjóðir greitt Íslandsbanka 323 milljónir kr. fyrir þjónustu bankans á fyrstu 6 mánuðum ársins 2011.

## 5. Handhafabréfs- og handveðsreikningar

Handhafabréfs- og handveðsreikningar eru tilkomnir vegna innlausnar hlutdeildarskírteina úr verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum Íslandssjóða sem eru í slitameðferð. Þessar fjárhæðir hafa ekki verið greiddar út vegna þess að eigendur höfðu veðsett hlutdeildarskírteinin eða eru ekki þekktir. Sama fjárhæð er því færð til eignar og skuldar í efnahagsreikningi Íslandssjóða.

## 6. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:	30.06.2011	31.12.2010
Ríkisbréf .....	373	264
Ríkisvixlar .....	273	50
Íbúðabréf .....	227	311
Spariskírteini ríkissjóðs .....	22	0
	<b>895</b>	<b>625</b>

## 7. Verðbréf með breytilegum tekjum

Hlutdeildarskírteini greinast þannig:	30.06.2011	31.12.2010
Ríkissafn .....	110	110
Veltusafn .....	109	108
Sjóður 9.3 USD .....	88	0
Eignasafn .....	72	71
Novator Credit Opportunities Fund .....	41	37
Eignasafn - Ríki og sjóðir .....	39	0
Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 .....	29	28
Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 .....	28	28
Úrval innlendra hlutabréfa - Sjóður 10 .....	9	4
Úrvalsvísitala - Sjóður 6 .....	3	3
Sjóður 1A - skuldabréf .....	3	5
Sjóður 11A - fyrirtækjabréf .....	1	3
	<b>533</b>	<b>396</b>

## 8. Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum

Peningamarkaðsinnlán hjá fjármálafyrirtækjum greinast þannig:	30.06.2011	31.12.2010
Arion banki hf. ....	101	201
	<b>101</b>	<b>201</b>

## 9. Viðskipti við tengd félög janúar - júní 2011

	Tekjur	Gjöld	Kröfur	Skuldir
Íslandsbanki hf. ....	8	(323)	1.330	52
Verðbréfasjóðir Íslandssjóða hf. ....	470	0	73	0
Fjárfestingarsjóðir Íslandssjóða hf. ....	25	0	4	0
Glitnir banki hf. ....	0	0	0	187
	<b>503</b>	<b>(323)</b>	<b>1.408</b>	<b>239</b>

## 10. Aðrar skuldir

	30.6.2011	31.12.2010
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða .....	60	49
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	20	16
Ógreidd opinber gjöld .....	58	0
Ógreiddur kostnaður .....	0	5
	<b>138</b>	<b>70</b>

## 11. Eigið fé

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2010 .....	25	6	1.269	1.301
Hagnaður tímabilsins .....			124	124
Eigið fé 30.6.2010 .....	25	6	1.393	1.424
Hagnaður tímabilsins .....			135	135
Eigið fé 31.12.2010 .....	25	6	1.528	1.559
Greiddur arður .....			(65)	(65)
Hagnaður tímabilsins .....			98	98
<b>Eigið fé 30.06.2011</b>	<b>25</b>	<b>6</b>	<b>1.561</b>	<b>1.593</b>

## 12. Eiginfjárlutfall

Eigið fé í lok tímabilsins er 1.593 milljónir kr. eða 54% af niðurstöðu efnahagsreikningsins. Eiginfjárlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármála fyrirtæki er 154,9% en lágmarks eiginfjárlutfall er 8% samkvæmt lögum. Hlutfallið reiknast þannig:

Eigið fé samtals .....	1.593
Útlánaáhætta .....	72
Markaðsáhætta .....	10
Rekstraráhætta .....	0
Eiginfjárfkrafa .....	<u>82</u>
<b>Eiginfjárlutfall</b>	<b>154,9%</b>

## 13. Önnur mál

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur tekið ákvörðun um að hefja formlega rannsókn á því hvort kaup nýju bankanna þriggja, þ.e. Íslandsbanka hf., Arion banka hf. og NBI hf., á eignum peningamarkaðssjóða við slit þeirra sjóða í október 2008 hafi falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. EES-samningsins. Hefur Íslandsbanki upplýst ESA um hvernig kaup bankans á eignum úr Sjóði 9, sem hefur verið slitið, bar að. Hefur bankinn komið því skýrt á framfæri að engin fyrirmæli hafi komið frá stjórnvöldum um kaup á eignum úr sjóðnum, það hafi verið gert á viðskiptalegum forsendum byggt á verðmati óháðra aðila. Gert er ráð fyrir að niðurstaða hinnar formlegu rannsóknar ESA liggi fyrir á þessu ári.





ÍSLANDSSJÓÐIR



Verðbréfasjóðir

# Árshlutareikningur

30. júní 2011

Íslandssjóðir hf.  
Kirkjusandi 2  
155 Reykjavík  
Kt. 690694-2719

## Rekstrarreikningur verðbréfasjóða janúar - júní 2011

	2011 1.1.-30.6.	2010 1.1.-30.6.
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Vextir, verðbætur og arður .....	2.858	3.598
Gengismunur .....	(202)	3.506
Vaxtagjöld .....	(65)	(27)
<b>Hreinar fjármunatekjur samtals</b>	<b>2.592</b>	<b>7.077</b>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Umsýsluþóknun .....	450	399
Annar rekstrarkostnaður .....	22	12
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>472</b>	<b>411</b>
<b>Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini</b>	<b>2.120</b>	<b>6.666</b>

Sundurliðun á rekstrarreikningi er í sérgreindri sundurliðun bls. 21-22.

## Efnahagsreikningur verðbréfasjóða 30. júní 2011

Eignir	30.6.2011	31.12.2010
<b>Fjárfestingar</b>		
Verðbréf með föstum tekjum .....	98.561	101.191
Hlutabréf .....	907	772
Hlutdeildarskírteini .....	884	827
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	11.504	9.815
Afleiðusamningar .....	196	196
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>112.052</b>	<b>112.802</b>
<b>Aðrar eignir</b>		
Handbært fé .....	268	1.232
Aðrar eignir .....	261	115
<b>Aðrar eignir samtals</b>	<b>530</b>	<b>1.346</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>112.582</b>	<b>114.148</b>
<b>Hlutdeildarskírteini</b>		
Hlutdeildarskírteini .....	109.724	112.642
<b>Skuldir</b>		
Skuldir við lánastofnanir .....	2	2
Skuldir við tengd félög .....	1.488	91
Afleiðusamningar .....	1.350	1.350
Aðrar skuldir .....	17	63
<b>Skuldir samtals</b>	<b>2.858</b>	<b>1.506</b>
<b>Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals</b>	<b>112.582</b>	<b>114.148</b>

Sundurliðun á efnahagsreikningi er í sérgreindri sundurliðun bls. 22-25.

## Yfirlit um breytingar á hreinni eign janúar - júní 2011

	<b>Samtals 2011 1.1.-30.6.</b>	<b>Samtals 2010 1.1.-30.6.</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	2.120	6.666
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Seld hlutdeildarskírteini .....	7.798	37.501
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(10.184)	(17.136)
Útgreiðsla úr sjóðum í slitameðferð .....	(2.651)	(9.398)
<b>Fjármögnunarhreyfingar alls</b>	<b>(5.037)</b>	<b>10.968</b>
<b>(Lækkun)/hækkun á hreinni eign</b>	<b>(2.918)</b>	<b>17.633</b>
Hrein eign í ársbyrjun .....	112.642	86.211
<b>Hrein eign í lok tímabils</b>	<b>109.724</b>	<b>103.845</b>

Sundurliðun á yfirliti um breytingar á hreinni eign er í sérgreindri sundurliðun bls. 26-27.

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Rekstur verðbréfasjóða

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Í rekstri	Í slitaferli	Samtals
Vextir, verðbætur og arður .....	2.737	121	2.858
Gengismunur .....	(323)	121	(202)
Vaxtagjöld .....	(65)	(0)	(65)
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>	<b>2.349</b>	<b>242</b>	<b>2.592</b>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýsluþóknun .....	(423)	(27)	(450)
Annar rekstrarkostnaður .....	(22)	0	(22)
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>(445)</b>	<b>(27)</b>	<b>(472)</b>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>1.905</b>	<b>215</b>	<b>2.120</b>

### Rekstur verðbréfasjóða í rekstri

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Ríkis- skuldabréf Sjóður 5	Úrvals- vísitala Sjóður 6	Löng ríkissk.br. Sjóður 7	Heimssafn Sjóður 12
Vextir, verðbætur og arður .....	1.307	1	919	0
Gengismunur .....	(608)	1	583	27
Vaxtagjöld .....	(19)	(0)	(22)	(0)
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>	<b>681</b>	<b>2</b>	<b>1.481</b>	<b>28</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Umsýsluþóknun .....	(148)	(1)	(165)	(6)
Annar rekstrarkostnaður .....	(7)	(0)	(8)	(0)
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>(155)</b>	<b>(1)</b>	<b>(173)</b>	<b>(6)</b>
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>526</b>	<b>1</b>	<b>1.308</b>	<b>22</b>

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn - Ríki og sjóðir	Samtals sjóðir í rekstri
Vextir, verðbætur og arður .....	399	109	3	(1)	2.737
Gengismunur .....	(418)	89	1	1	(323)
Vaxtagjöld .....	(19)	(5)	(0)	(0)	(65)
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>	<b>(38)</b>	<b>193</b>	<b>4</b>	<b>(0)</b>	<b>2.349</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Umsýsluþóknun .....	(80)	(24)	(1)	(0)	(423)
Annar rekstrarkostnaður .....	(5)	(2)	(0)	(0)	(22)
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>(84)</b>	<b>(26)</b>	<b>(1)</b>	<b>(0)</b>	<b>(445)</b>
<b>Hagnaður/(tap) tímabilsins</b>	<b>(123)</b>	<b>167</b>	<b>3</b>	<b>(0)</b>	<b>1.905</b>

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Rekstur verðbréfasjóða í slitaferli

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	Sjóður 1A	Sjóður 1B	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals í slitaferli
Vextir, verðbætur og arður .....	41	64	6	11	121
Gengismunur .....	58	90	(10)	(18)	121
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>	<b>100</b>	<b>154</b>	<b>(4)</b>	<b>(7)</b>	<b>242</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Umsýslupóknun .....	(10)	(15)	(1)	(2)	(27)
<b>Rekstrargjöld alls</b>	<b>(10)</b>	<b>(15)</b>	<b>(1)</b>	<b>(2)</b>	<b>(27)</b>
<b>Hagnaður/(tap) tímabilsins</b>	<b>90</b>	<b>139</b>	<b>(5)</b>	<b>(9)</b>	<b>215</b>

### Efnahagur verðbréfasjóða

Eignir	Í rekstri	Í slitaferli	Samtals
<b>Fjárfestingar</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	94.270	4.291	98.561
Hlutabréf .....	245	662	907
Hlutdeildarskírteini .....	884	0	884
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	11.504	0	11.504
Afleiðusamningar .....	0	196	196
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>106.903</b>	<b>5.149</b>	<b>112.052</b>
<b>Aðrar eignir</b>			
Handbært fé .....	53	215	268
Aðrar eignir .....	257	4	261
<b>Aðrar eignir samtals</b>	<b>310</b>	<b>219</b>	<b>530</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>107.213</b>	<b>5.369</b>	<b>112.582</b>
<b>Hlutdeildarskírteini</b>			
Hlutdeildarskírteini .....	105.709	4.015	109.724
<b>Skuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	2	0	2
Skuldir við tengd félög .....	1.485	3	1.488
Afleiðusamningar .....	0	1.350	1.350
Aðrar skuldir .....	17	0	17
<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.504</b>	<b>1.354</b>	<b>2.858</b>
<b>Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals</b>	<b>107.213</b>	<b>5.369</b>	<b>112.582</b>

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri

Eignir	Ríkis- skuldabréf Sjóður 5	Úrvals- vísitala Sjóður 6	Löng ríkissk.br. Sjóður 7	Heimssafn Sjóður 12
<b>Fjárfestingar</b>				
Verðbréf með föstum tekjum .....	32.355	0	36.323	0
Hlutabréf .....	0	210	0	23
Hlutdeildarskírteini .....	0	0	0	714
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	1.100	0	950	0
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>33.455</b>	<b>210</b>	<b>37.273</b>	<b>736</b>
<b>Aðrar eignir</b>				
Handbært fé .....	21	2	6	1
Aðrar eignir .....	129	0	12	0
<b>Aðrar eignir samtals</b>	<b>150</b>	<b>2</b>	<b>19</b>	<b>1</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>33.606</b>	<b>212</b>	<b>37.291</b>	<b>737</b>
<b>Hlutdeildarskírteini</b>				
Hlutdeildarskírteini .....	33.573	212	37.151	734
<b>Skuldir</b>				
Skuldir við lánastofnanir .....	0	0	0	2
Skuldir við tengd félög .....	27	0	136	1
Aðrar skuldir .....	6	0	4	0
<b>Skuldir samtals</b>	<b>33</b>	<b>0</b>	<b>141</b>	<b>3</b>
<b>Skuldir og hlutdeildarskírteini samtals</b>	<b>33.606</b>	<b>212</b>	<b>37.291</b>	<b>737</b>
<b>Flokkur A:</b>				
<b>Hrein eign</b>	<b>33.573</b>	<b>212</b>	<b>37.151</b>	<b>734</b>
Fjöldi eininga, í þúsundum .....	4.215	165	9.262	436
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils .....	7.965	1.282	4.011	1.682

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Efnahagur verðbréfasjóða í rekstri (framhald)

Eignir	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn - Ríki og sjóðir	Samtals sjóðir í rekstri
<b>Fjárfestingar</b>					
Verðbréf með föstum tekjum .....	17.324	8.178	58	31	94.270
Hlutabréf .....	0	0	12	0	245
Hlutdeildarskírteini .....	0	0	118	52	884
Innlán hjá fjármálafyrirtækjum .....	4.902	4.518	22	13	11.504
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>22.225</b>	<b>12.696</b>	<b>210</b>	<b>97</b>	<b>106.903</b>
<b>Aðrar eignir</b>					
Handbært fé .....	5	2	10	7	53
Aðrar eignir .....	115	1	0	0	257
<b>Aðrar eignir samtals</b>	<b>119</b>	<b>3</b>	<b>10</b>	<b>7</b>	<b>310</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>22.345</b>	<b>12.699</b>	<b>220</b>	<b>103</b>	<b>107.213</b>
<b>Hlutdeildarskírteini</b>					
Hlutdeildarskírteini .....	21.234	12.483	219	103	105.709
<b>Skuldir</b>					
Skuldir við lánastofnanir .....	0	0	0	0	2
Skuldir við tengd félög .....	1.105	215	0	0	1.485
Aðrar skuldir .....	5	1	0	0	17
<b>Skuldir samtals</b>	<b>1.111</b>	<b>216</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1.504</b>
<b>Skuldir og hlutdeildarsk. samtals</b>	<b>22.345</b>	<b>12.699</b>	<b>220</b>	<b>103</b>	<b>107.213</b>
<b>Flokkur A:</b>					
<b>Hrein eign</b>	<b>21.234</b>	<b>12.483</b>	<b>219</b>	<b>103</b>	<b>105.709</b>
Fjöldi eininga, í þúsundum .....	16.907	11.105	182	104	
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils .....	1.256	1.124	1.206	995	



## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Efnahagur verðbréfasjóða í slitaferli

Eignir	Sjóður 1A	Sjóður 1B*	Sjóður 11A	Sjóður 11B	Samtals sjóðir í slitaferli
<b>Fjárfestingar</b>					
Verðbréf með föstum tekjum .....	1.487	2.303	175	325	4.291
Hlutabréf .....	235	364	22	41	662
Afleiðusamningar .....	61	95	14	26	196
<b>Fjárfestingar samtals</b>	<b>1.784</b>	<b>2.763</b>	<b>211</b>	<b>392</b>	<b>5.149</b>
<b>Aðrar eignir</b>					
Handbært fé .....	47	73	33	62	215
Aðrar eignir .....	1	2	0	0	4
<b>Aðrar eignir samtals</b>	<b>49</b>	<b>75</b>	<b>33</b>	<b>62</b>	<b>219</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.832</b>	<b>2.838</b>	<b>244</b>	<b>454</b>	<b>5.369</b>
<b>Hlutdeildarskírteini</b>					
Hlutdeildarskírteini .....	1.414	2.190	144	267	4.015
<b>Skuldir</b>					
Skuldir við tengd félög .....	1	2	0	0	3
Afleiðusamningar .....	417	646	100	187	1.350
Aðrar skuldir .....	0	0	0	0	0
<b>Skuldir samtals</b>	<b>418</b>	<b>648</b>	<b>101</b>	<b>187</b>	<b>1.354</b>
<b>Skuldir og hlutdeildarsk. samtals</b>	<b>1.832</b>	<b>2.838</b>	<b>244</b>	<b>454</b>	<b>5.369</b>
<b>Flokkur A:</b>					
<b>Hrein eign</b>	<b>1.414</b>	<b>2.190</b>	<b>144</b>	<b>267</b>	<b>4.015</b>
Fjöldi eininga, í þúsundum .....	179	348	67	152	
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils .....	7.918	6.301	2.135	1.756	

### \*Sjóður 1B samanstendur af:

	Fjöldi eininga	Gengi	Hrein eign
Sjóður 1B, skuldabréf .....	343.278	6.301	2.163
Sjóðsbréf 111 .....	1.065	6.301	7
Sjóðsbréf 3 .....	203	4.340	1
Sjóðsbréf 4 .....	437	2.985	1
Vaxtabréf .....	2.785.758	4,44	12
Valbréf .....	1.361.330	4,16	6
<b>Samtals hrein eign sjóðs 1B</b>			<b>2.190</b>

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða

	Í rekstri	Í slitaferli	Samtals
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	1.905	215	2.120
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Seld hlutdeildarskírteini .....	7.798	0	7.798
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(10.184)	0	(10.184)
Útgreiðslur úr slitasjóðum .....	0	(2.651)	(2.651)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(2.386)	(2.651)	(5.037)
(Lækkun) á hreinni eign	(482)	(2.436)	(2.918)
Hrein eign í ársbyrjun .....	106.191	6.451	112.642
Hrein eign í lok tímabils	105.709	4.015	109.724

### Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í rekstri

	Ríkis- skuldabréf Sjóður 5	Úrvals- vísitala Sjóður 6	Löng ríkisskbr. Sjóður 7	Heimssafn Sjóður 12
<b>Rekstrarhreyfingar</b>				
Hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	526	1	1.308	22
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>				
Seld hlutdeildarskírteini .....	2.247	6	895	0
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(2.164)	(5)	(1.653)	(27)
Fjármögnunarhreyfingar alls	83	2	(757)	(27)
Hækkun/(lækkun) á hreinni eign	609	3	551	(5)
Hrein eign í ársbyrjun .....	32.964	209	36.600	738
Hrein eign í lok tímabils	33.573	212	37.151	734

	Ríkissafn	Veltusafn	Eignasafn	Eignasafn - Ríki og sjóðir	Samtals sjóðir í rekstri
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
(Tap)/hagnaður tímabilsins færður á hlutdeildarskírteini	(123)	167	3	(0)	1.905
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Seld hlutdeildarskírteini .....	983	3.516	46	104	7.798
Innleyst hlutdeildarskírteini .....	(4.645)	(1.662)	(27)	(0)	(10.184)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(3.662)	1.853	19	104	(2.386)
(Lækkun)/hækkun á hreinni eign	(3.785)	2.021	22	103	(482)
Hrein eign í ársbyrjun .....	25.019	10.463	197	0	106.191
Hrein eign í lok tímabils	21.234	12.483	219	103	105.709

## Sérgreind sundurliðun verðbréfasjóða

### Yfirlit um breytingar á hreinni eign verðbréfasjóða í slitaferli

	<u>Sjóður 1A</u>	<u>Sjóður 1B</u>	<u>Sjóður 11A</u>	<u>Sjóður 11B</u>	<b>Samtals sjóðir í slitaferli</b>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>					
Hagnaður/(tap) tímabilsins fært á hlutdeildarskírteini	90	139	(5)	(9)	215
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>					
Útgreiðslur .....	(846)	(1.310)	(175)	(320)	(2.651)
Fjármögnunarhreyfingar alls	(846)	(1.310)	(175)	(320)	(2.651)
Lækkun á hreinni eign	(756)	(1.171)	(180)	(330)	(2.436)
Hrein eign í ársbyrjun .....	2.170	3.361	324	597	6.451
Hrein eign í lok tímabils	1.414	2.190	144	267	4.015

## 1. Starfsemi

Íslandssjóðir hf. er hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Íslandssjóðir hf. skiptast í A-hluta og B-hluta. A-hluti er rekstrarfélag um alla sjóði félagsins. B-hlutinn samanstendur af öllum sjóðum Íslandssjóða hf. Verðbréfa- og fjárfestingarsjóðir tilheyra B-hluta og hafa heimild til að gefa út hlutdeildarskírteini gegn viðtöku fjár frá almenningi, til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum og öðrum eignum eftir ákveðinni fjárfestingarstefnu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur verðbréfa- og fjárfestingarsjóða Íslandssjóða hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að skráð verðbréf eru metin á markaðsverði. Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka hf. Árshlutareikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð árshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Umsýsluþóknarir

Sjóðirnir greiða Íslandssjóðum hf. umsýsluþóknun sem er ætlað að standa undir launum starfsmanna félagsins, markaðskostnaði og umsýslu við rekstur sjóðanna. Þóknunin reiknast sem fast hlutfall af hreinni eign hvers sjóðs sem hér greinir:

	Almenn kjör Flokkur A	Sérkjör Flokkur B
Sjóður 1 A og B, skuldabréf .....	1,0%	1,0%
Ríkisskuldabréf - Sjóður 5 .....	0,9%	0,4%
Úrvalsvísitala - Sjóður 6 .....	0,8%	0,5%
Löng ríkisskuldabréf - Sjóður 7 .....	0,9%	0,4%
Sjóður 11 A og B, fyrirtækjabréf .....	0,8%	0,8%
Heimssafn - Sjóður 12 .....	1,5%	1,5%
Ríkissafn .....	0,7%	0,4%
Eignasafn .....	0,5%	0,5%
Veltusafn .....	0,4%	0,3%
Eignasafn - Ríki og sjóðir .....	0,5%	0,5%

Til viðbótar framangreindri þóknun greiða sjóðirnir hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði rekstrarfélagsins og sjóðanna.

## Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Lokagengi	
	30.6.2011	2010	30.6.2011	31.12.2010
Evra (EUR) .....	161,11	161,44	165,26	153,37
Bandaríkjadalur (USD) .....	114,71	121,75	114,22	114,78
Norsk króna (NOK) .....	20,57	20,15	21,26	19,62

## Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn miðað við virka vexti.

## Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast. Fjármagnstekjuskattur vegna arðs af erlendum hlutabréfum er dreginn frá arðstekjum í rekstrarreikningi.

## Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

## Fjárfestingar

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2011. Virði annarra fjármálagerna er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabils.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2011. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gildi í lok júní 2011.

Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í lok júní 2011.

Þar sem óvissa er mikil um endurheimtuvatni brefa þeirra fyrirtækja sem farin eru í þrot og virði óseljanlegra bréfa metið út frá rekstraraðstæðum hvers félags byggir verðmat á eignum sjóðanna á varfænum forsendum um endurheimtur. Óháðir aðilar voru fengnir til aðstoðar við verðmat í desember 2010 og er það mat haft til hliðsjónar.

## Skattamál

Verðbréfasjóðir og fjárfestingarsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteina. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlaun.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

## 3. Yfirlit um hreina eign sjóða í rekstri

### Ríkisskuldabréf - Sjóður 5

	<u>Markaðsverð</u>	<u>Hlutfall af hreinni eign</u>
Íbúðabréf .....	15.288	45,5%
Ríkisbréf og víxlar .....	10.192	30,4%
Spariskírteini ríkissjóðs .....	5.660	16,9%
Húsbref .....	857	2,6%
Húsnæðisbréf .....	358	1,1%
Íslandsbanki hf. - innlán .....	1.100	3,3%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>33.455</b>	<b>99,7%</b>
Handbært fé .....	21	0,1%
Aðrar eignir .....	129	0,4%
Aðrar skammtímaskuldir .....	(33)	(0,1%)
<b>Hrein eign samtals</b>	<b>33.573</b>	<b>100,0%</b>
<b>Hlutfall skammtímaskulda af heildareignum sjóðs</b>		<b>0,1%</b>

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagningum tengdum skuldabréfum.

### Úrvalsvísitala - Sjóður 6

	<u>Markaðsverð</u>	<u>Hlutfall af hreinni eign</u>
Össur hf. ....	74	35,1%
Marel hf. ....	40	19,0%
BankNordik P/F .....	36	17,0%
Atlantic Petroleum P/F .....	32	15,3%
Icelandair Group hf. ....	23	10,9%
Önnur félög .....	4	2,1%
<b>Heildarverðmæti fjárfestinga</b>	<b>210</b>	<b>99,2%</b>
Handbært fé .....	2	0,8%
